



Fundur háskólaráðs 20. mars 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 17.03.2003
Dags: 20.03.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

6/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 20. mars var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 14.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Ármann Höskuldsson, Hjalti Hugason, María Guðmundsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Jóhannes R. Sveinsson, Davíð Gunnarsson, Þórður Harðarson og Stefán Svavarsson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram kennsluskrá I og II fyrir háskólaárið 2003 - 2004.
- 1.2 Lagðir fram nýir upplýsingabæklingar um Háskóla Íslands.
- 1.3 Lagðar fram glærur frá kynningarfundum rektors fyrir starfsfólk Háskólans, miðvikudaginn 12. mars sl.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagt fram erindi frá læknadeild um próftökugjald í inntökuprófi.
- 2.2 Lögð fram kæra Hafðísar Gísladóttur vegna mats á fyrra námi.
 - Samþykkt samhljóða að vísa kærinni frá.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Viðbótarsamningur um kennslu. Staða mála.

Rektor greindi frá því að viðauki við samning um kennslu hafi verið undirritaður 3. mars 2003. Samningurinn gildir til 1. janúar 2004 og felur m.a. í sér fjölgun nemendaígilda í allt að 4.950. Þá hefur menntamálaráðuneytið ákveðið að setja á fót starfshóp sem fjalla á um forsendur útreikninga nemendaframlaga í reiknilíkani um kennslu við háskóla. Skal starfshópurinn skila greinargerð til ráðuneytisins eigi síðar en 10. apríl nk.

- Háskólaráð staðfesti einróma viðaukann við kennslusamninginn.

- 3.2 Tillögur deilda um fjöldatakmörkun, sbr. síðasta fund. (Yfirlit lagt fram 30. janúar sl.).

Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Tillögur deilda um fjöldatakmörkanir samþykktar samhljóða.

- 3.3 Fjárhagsáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2003.

Inn á fundinn kom Ingjalður Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði um uppgjör ársins 2002, dags. 20. mars 2003. Fyrir fundinum lá einnig fjárhagsáætlun fyrir árið 2003. Málið var rætt ítarlega.

- Fjárhagsáætlun Háskóla Íslands samþykkt með sex atkvæðum, en einn var á móti.

Rögnvaldur Ólafsson, fulltrúi verkfræði- og raunvísindasviðs, lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég álít að raunvísindadeild geti ekki orðið við því að lækka fjárhagsáætlun fyrir árið 2003 um 21 mkr. nema með því að gera þær breytingar á kennslu sem munu í grundvallaratriðum breyta kennslu í deildinni. Einnig er bent á að nú þegar er um helmingur útgjalda ársins 2003 ákveðinn eða gjaldfallinn og því þyrfti að ná umræddum kostnaði á haustmisseri eingöngu.”

Undir þessum dagskrárlið lagði rektor fram bréf frá forseta raunvísindadeildar, dags. 20. mars 2003 þar sem greint er frá ályktun fundar raunvísindadeildar 19. mars 2003 um fjármál og rekstur deildarinnar. Í ályktuninni kemur m.a. fram að fundurinn beinir þeirri eindregnu áskorun til stjórnvalda að fjárveitingar til Háskólans verði hækkaðar þannig að unnt verði að halda uppi kennslu í raunvísindum í samræmi við alþjóðlegar kröfur.

- Háskólaráð samþykkti einróma að fela rektor að ræða við forseta guðfræðideildar, heimspekideildar og raunvísindadeildar um endurskoðun á fjárhagsáætlunum deildanna.

3.4 Kærum vegna samkeppnisprófa í læknadeild.

Halldór Jónsson gerði grein fyrir málinu.

- Fyrirliggjandi drög að úrskurðum í kærumálum læknanemanna Jóhanns M. Haukssonar, Sifjar H. Gröndal og Bjargar Jónsdóttur voru samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

4.1 Húsnæðis- og byggingamál Háskólans.

Rektor greindi frá því að hafnar væru viðræður við menntamálaráðuneytið um fjármögnun á nýbyggingum Háskólans, sbr. samþykkt háskólaráðs 20. febrúar sl. Lagt var fram minnisblað til Gísla Magnússonar, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu frá Ingjaldi Hannibalssyni, dags. 14. mars 2003.

Húsnæðis- og byggingamál Háskólans voru rædd ítarlega.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 15.50